

Mál nr. 31/2014**M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.****Maður við málningarstörf utanhúss féll úr tröppu og slasaðist.****Gögn.**

16. Málskot, móttakið .2014, ásamt fylgigögnum.

17. Bréf X, dags. 13.2.2014, ásamt fylgigögnum.

Málsatvik.

Hinn 9.10.2013 vann M við málningarstörf utanhúss við íbúðarhús á vegum, V, vinnuveitanda síns. Í tilkynningu V um atvikið til Vinnueftirlitsins, dags. 10.10.2013 að því er virðist, kemur fram að M hafi verið að skera (pensla) undir þakkant. Hafi hann staðið klotvega í næstefsta þrepi í tröppu þegar spýta undir tröppunni hafi sporðreist með þeim afleiðingum að M hafi misst jafnvægið og dottið aftur á bak. Við það mun M hafa hlotið meiðsl á efri hluta baks, öxl og höfði.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá X. X hefur hafnað bótaskyldu.

Af hálfu X er haft eftir V að M hafi margra ára reynslu við málningarstörf. Á verkstaðnum hafi verið stigi sem M hafi hæglega getað stillt upp við húsvegg með öruggum hætti. Tröppuna hafi aldrei átt að nota við framkvæmd þess verks sem M vann við er hann slasaðist. Spýtur sem hafi verið undir tröppunni hafi ekki verið lagðar þar til að notast sem undirstaða fyrir tröppuna heldur hafi þær verið settar af húseiganda í beð við húsið í þeim tilgangi að koma í veg fyrir að kettir pissuðu í beðið. M hafi átt samkvæmt viðurkenndu verklagi meðal starfsmanna V átt að kanna vel hvort undirstöður tröppunnar væru nógu traustar áður en hann hóf störf í þeim. Hafi M því átt að vera ljóst að hann hafi ekki stillt tröppunni upp með nægilega öruggum hætti. Slysið hafi orðið síðla dags og M hafi haldið áfram störfum, en í lok vinnudags hafi hann svo gengið frá eftir sig. Það hafi fyrst verið um hádegisbil daginn eftir að fyrirsvarsmenn V hafi fengið vitneskju um að M væri óvinnufær af völdum slyssins. M hefur andmælt því að annar stigi hafi verið á verkstaðnum sem hann hafi átt að nota í umrætt sinn í stað tröppunnar.

Álit.

Ljóst er af gögnum málsins að undirstöður tröppunnar sem M vann í er hann slasaðist voru ekki nægilega traustar og til þess verður slysið rakið. Fyllsta öryggis á vinnustaðnum var því ekki gætt eins og krafist er skv. 13. og 42. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, sbr. og gr. 4.2.1 í II. viðauka reglugerðar nr. 367/2006 um notkun tækja. M hefur sönnunarbyrði um að slysið verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á. Ekki verður ráðið af fyrirbyggjandi gögnum að V hafir tilkynnt um slysið til Vinnueftirlitsins of seint, sbr. 1. mgr. 79. gr. laga nr. 46/1980, þannig að sönnunarbyrði um málsatvik verði að einhverju leyti varpað yfir á V. Ekkert liggur fyrir um það í gögnum málsins hvernig það atvikaðist trappan var sett ofan á spýtuna sem síðan sporðreistist undan henni. Þannig er ekki ljóst hvort M hafi átt þar hlut að máli eða hvort verkstjóri hafi haft einhver afskipti af því eða starfsmenn V aðrir en M. Að öllu virtu þykir ekki vera nægilega í ljós leitt að orsakir slyssins verði raktar til

atvika sem V getur borið ábyrgð á. Af þeim sökum á M ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 4. mars 2014.

Þóra Hallgrímsdóttir hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.